



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnarsýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 07.02.2020

Kl.: 16:15

Staðsetning: Samhæfingarstöð almannavarna/Embætti landlæknis
/Sóttvarnalæknir,

Neyðarstig vegna COVID-19

Framvindan

Í Samhæfingarstöð almannavarna fer fram samhæfing aðgerða og upplýsingagjöf á landsvísu vegna COVID-19. Upplýsingamiðlun, gerð leiðbeininga og ráðlegginga til almennings, stofnana og fyrirtækja. Allar leiðbeiningar er að finna á heimasíðu [Embættis landlæknis](#), [Ríkislögreglustjóra almannavarnadeild](#) og upplýsingasíðunni [www.covid.is](#)

Tölulegar upplýsingar fyrir Ísland

Tvö tilfelli greindust hér á landi síðastliðinn sólarhring. Fjöldi staðfesta smitaðra hér á landi er nú 1.801, samtals 36 eru í einangrun og 1755 hafa náð bata. Alls eru 1.459 innanlandssmit. Samtals hafa um 52.283 sýni verið tekin, 620 síðasta sólarhring. Af þeim sem greinst hafa með COVID-19 á Íslandi eru 10 látin.

[Sjá tölulegar upplýsingar Landspítalans](#)

Samfélagsáttmáli – í okkar höndum er yfirskrift kynningar- og upplýsingamiðlunar sem mun standa yfir næstu vikur. Henni er ætlað að halda á lofti þeim áherslum sem við þurfum öll að hafa í huga næstu mánuði. [Sjá nánar covid.is](#)

Samfélagsáttmáli
– í okkar höndum

Tryggjum góðan árangur áfram og gerum samfélagsáttmála. Áttmála sem gildir í vor og sumar og við munum öll virða.

- ▶ Þvóm okkur um hendur
- ▶ Sprittum hendur
- ▶ Munum 2 metra fjarlægð
- ▶ Söthreinsum sameiginlega snertifleti
- ▶ Verndum viðkvæma hópa
- ▶ Hringjum í heilsugæsluna ef við fáum einkenni
- ▶ Tökum áfram sýni
- ▶ Virðum sóttkvi
- ▶ Virðum einangrun
- ▶ Veitum áfram góða þjónustu
- ▶ Miðlum traustum upplýsingum
- ▶ Verum skilningsrík, tillitssöm, kurteis og styðjum hvert annað

Við erum öll almannavarnir - og verðum það áfram

Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir

Upplýsingamiðlun og verkefni

Upplýsingafundur almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra vegna COVID-19.

Miðvikudaginn 06.05.2020. Alma D. Möller, landlæknir, Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir og Víðir Reynisson. Gestur fundarins var Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala.

Þórólfur fór yfir helstu tölur. Ekkert tilfelli sl. sólarhring, nú eru 3 dagar í röð ekkert tilfelli greinist sem er mjög ánægjulegt. Nú eru 56 virk smit í þjóðfélaginu en um 15% þjóðarinnar hafa verið prófuð. Við erum með sama mat og áður, það er lítið samfélagslegt smit en það er veira í samfélaginu. Stefnan er að taka áfram sýni í samfélaginu, en Íslensk erfðagreining er nú við sýnatökur á Vesturlandi. Hann brýndi fyrir fólki að halda sig heima ef koma fram einkenni og hafa samband við heilsugæsluna til að fara í sýnatöku, einnig að passa handþvott, handsprittun og vera meðvituð um hvað hendurnar snerta. Þórólfur útskýrði 2 metra nándarregluna sem hefur mikið verið í umræðunni. Þessi regla er hluti af einstaklingsbundnum sýkingavörnum og verður hver og einn að passa þá reglu, sérstaklega þau sem eru í áhættuhópum. Það verður slakað á þessari reglu en staðarhaldarar verða að tryggja 2 m regluna en hún verður ekki ófrávikjanleg í allri starfsemi. Þórólfur sagði að vonast sé til að aflétta takmörkunum hraðar ef vel gengur að hemja faraldurinn. Hann segir það hafa tekist vel enn sem komið er, því almenningur hefur farið eftir tilmælum. Því er ástæða til að boða hraðari afléttingar. Stefnt er að því að næsta skref í afléttingu verði 25. maí, í samráði við ráðherra. Þá mætti opna

líkamsræktarstöðvar, með skilyrðum. Þá mega fleiri koma saman en nú, til dæmis 100 en það er ekki búið að ákveða endanlega tölu. Hann vonar að allir hafi skilning á af hverju aðgerðum er létt í skrefum, það má ekki eiga það á hættu að fá faraldurinn upp á ný. Þá segir Þórólfur að ekki sé komin niðurstaða á takmörkunum á ferðalögum, en það verður að vera ljóst fyrir 15. maí. Sundlaugar verða opnaðar 18. maí og verður nánari útfærsla sett fram í auglýsingu heilbrigðisráðherra. Rekstraraðilar sundlauga sitja í hóp sem vinnur að nánari útfærslum sem verða sendar heilbrigðisráðherra.

Alma hrósaði Háskóla Íslands, vísindavefnum sem birtir upplýsingar um [COVID-19](#) og vísindamönnum sem vinna að rannsókninni Lidan i Covid.is <https://lidanicovid.is/>. Langvinn einkenni COVID19 eru þekkt og ekki sérstök meðferð við því. Hægt er að hafa samband við göngudeild eða heilsugæslu v/ráðgjöf. Alma bendir þeim á sem eru með langvinn einkenni af COVID, að þetta gengur yfir. Þau sem hafa áhyggjur eiga að hafa samband.

Alma kynnti uppfærðar [leiðbeiningar v/áhættuhópa](#) sem unnar voru af fjölda sérfræðinga. Leiðbeiningarnar eru á vef landlæknis og vefnum covid.is undir Áhættuhópar. Við þurfum að vera á varðbergi meðan við sjáum áhrif þessara fyrstu afléttinga.

Hverjir eru í aukinni hættu á alvarlegri sýkingu?

- Aldraðir: Eftir 65–70 ára aldur eykst áhættan en hún fer einnig eftir almennu ástandi og undirliggjandi langvinnnum sjúkdómum.
- Hjarta- og æðasjúkdómar: Háþrýstingur, kransæðasjúkdómar, hjartabilun.
- Krabbamein: Með virkt krabbamein og/eða í krabbameinsmeðferð.
- Langvinnir lungnasjúkdómar: Langvinn lungnateppa.
- Skert nýrnastarfsemi: Mikil skerðing á nýrnastarfsemi, skilunarmeðferð, nýrnaþegar.
- Sykursýki tegund 2.
- Offita.
- Líffæraþegar (hjarta, lungu, nýru).

Páll fór yfir tölur dagsins og frá upphafi. Covid göngudeildin mun halda áfram, bæði fyrir fólk sem glímir við eftirköst og einnig þarf að vera möguleiki á að skala upp og takast aftur á við faraldurinn. Páll fór yfir mikilvægi þess að gæta sín. Lítil neisti getur valdið miklu báli og það þarf lítið til að fjöldi fólk sýkist og fleiri fleiri fari í sóttkví. Það er enn engin lækning, bóluefni eða neitt slíkt og því verður að fara varlega. Þóssum okkar og sérstaklega þau sem eru veik fyrir.

Hann kom einnig inn á kulnun, þar sem langvarandi viðvarandi vinnutengt álag leiðir til fjarveru og getur bitnað á sjúklingum. Þarf að hlúa að starfsemi. Það er ekki aðeins heilsufarslegt tjón sem er undir, heldur einnig tjón fyrir samfélagið og vinnutap.

Annað:

Nýjar og uppfærðar leiðbeiningar:

[Leiðbeiningar til notenda og aðstoðarfólks í NPA \(PDF\)](#)

[Leiðbeiningar fyrir áhættuhópa \(PDF\)](#)

[Tillögur fyrir fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu \(PDF\)](#)

[Leiðbeiningar fyrir heilbrigðisþjónustuna á neyðarstigi \(PDF\)](#)

[Leiðbeiningar fyrir ferðamennsku \(PDF\)](#)

- [Guidelines for camping grounds, caravan parks, mountain huts, small guesthouses, organized tours and outdoor recreation](#)

- [Instrukcje dot. campingów, camper-parków, schronisk towarzystw krajoznawczych, małych pensjonatów, zorganizowanych wycieczek oraz rekreacji na zewnątrz Opnast í nýjum glugga](#) (Leiðbeiningar fyrir ferðamennsku).

[Leiðbeiningar fyrir snyrtistofur, hárgreiðslustofur, nuddstofur, augnmælingar og sambærilega starfsemi \(PDF\)](#)

- [Guidelines for beauty salons, hair salons, massage parlours, vision testing, and comparable services requiring close physical proximity to customers during the COVID-19 pandemic](#)
- [Instrukcje dla salonów kosmetycznych, fryzjerskich, masażu, badania wzroku oraz podobnej działalności wymagającej bliskiego kontaktu z klientem podczas epidemii COVID-19 Opnast í nýjum glugga](#) (Leiðbeiningar fyrir snyrtistofur, hárgreiðslustofur, nuddstofur, augnmælingar og sambærilega starfsemi sem krefst nálægðar við viðskiptavini).

[Leiðbeiningar fyrir sjúkrahjálfun og sambærilega starfsemi \(PDF\)](#)

- [Guidelines for physiotherapy and comparable activities during the COVID-19 pandemic](#)
- [Instrukcja dot. fizjoterapii i podobnych usług podczas epidemii COVID-19 Opnast í nýjum glugga](#) (Leiðbeiningar fyrir sjúkrahjálfun og sambærilega starfsemi í COVID-19 faraldri).

[Leiðbeiningar ef upp kemur smit á vinnustöðum](#)

- [Procedures for instances of COVID-19 infection](#)
- [Postępowanie w przypadku zakażenia COVID-19](#) (Leiðbeiningar ef upp kemur smit á vinnustöðum).

Vefurinn www.covid.is


Upplýsingar um tölfræði sjúkdómsins eru uppfærðar einu sinni á dag og birtar kl. 13:00 á vefsvæðinu <https://www.covid.is/tolulegar-upplýsingar>. Á vefnum er hægt að nálgast upplýsingar um aðgerðir og verkefni hér á landi vegna sjúkdómsins sem veldur COVID-19. Upplýsingar á vefnum eru á níu tungumálum. Nú hefur tölfræðisíða covid.is verið heimsótt rúmlega 4,9 milljón sinnum.

Framundan


- Upplýsingafundur fyrir fjölmiðla eru sem stendur áætlaðir mánudaga, miðvikudaga og föstudaga kl. 14:03.
- Næsti stöðufundur vegna COVID-19 er áætlaður föstudaginn 8. maí 2020 kl. 9:00.
- **Stöðuskýrsla almannavarna – Neyðarstig vegna COVID-19** er aðgengileg á vef [almannavarna](http://almannavarna.is) og [embættis landlæknis](http://embattis.landlæknis.is). Skýrslan er gefin út eftir þörfum.

Ísland - staðan í dag


Heildartölur



Fjöldi virkra smita og þeirra sem er batnað




Fjöldi smita



[Download data](#)

Þegar gefnar eru út upplýsingar um hve smituðum hefur fjölgað mikið frá deginum áður er það ekki alltaf svo að sambærileg tala birtist í síðu dagsins. Ástæðan er sú að birting upplýsinga um smit taka mið af því hvenær sýnið var tekið en ekki hvenær það var greint.

Fjöldi sýna




Fjöldi smita eftir kyni



[Download data](#)

Uppruni smits



[Download data](#)

Grafið veitir upplýsingar um hvar fólk smitast en ekki hver smitaði það.


Smit / sóttkví eftir landshlutum



Landshluti	Smit	Sóttkví
Höfuðborgarsvæði	1314	435
Suðurnes	77	45
Suðurland	178	71
Austurland	8	15
Norðurland eystra	46	40
Norðurland vestra	35	20
Vestfirðir	97	12
Vesturland	43	53
Óstaðsett	2	38
Útlönd	1	0

[Download data](#)

Fjöldi virkra smita eftir aldri, fjöldi þeirra sem hefur náð sér og andlát




[Download data](#)



Hlutfall smitaðra sem greinast í sóttkví



57%

þeirra sem hafa greinst voru í sóttkví





Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá **um 3,781,896 einstaklingum** samkvæmt John Hopkins og **um 264,602 einstaklingar** eru láttnir. Þá hafa **1,254,744 einstaklegar náð** sér eftir veikindin. Skv. ECDC er faraldurinn meðalstór fyrir hrausta einstaklinga en mikil lýðheilsu ógn fyrir aldraða og einstaklinga með undirliggjandi sjúkdóma. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu \(ECDC\)](https://www.ecdc.europa.eu/) varðandi þróun mála í hverju landi fyrir sig. Sjá áhættumat ECDC.